Uppsetningar- og
notkunarleiðbeiningar

# Viðbótareining fyrir innbyggða hátalara

1259 00

GIRA

Með viðbótareiningunni fyrir innbyggða hátalara er hægt að tengja 12 bjöllurofa til viðbótar við innbyggða hátalarann. Hægt er að tengja allt að 11 viðbótareiningar við innbyggða hátalarann með
12 bjöllurofum hverja fyrir sig. Þannig er hægt að setja upp dyrasímakerfi fyrir allt að 70 talsambandstengingar, t.d.

1 hljóðstýrieiningu
1 innbyggðan hátalara með
5 viðbótareiningum
68 utanáliggjandi, handfrjálsar innistöðvar

> **i** **Fjöldi tenginga**
>
> Gira dyrasímakerfið er hannað fyrir eftirfarandi fjölda tenginga:
> Hljóð: 70 tengingar,
> mynd: 20 tengingar.

Viðbótareiningin er eingöngu ætluð til notkunar með innbyggða hátalaranum.

## Lýsing á búnaði




1 Kerfistengi:
  Tengi fyrir innbyggða hátalarann eða aðrar kerfiseiningar
2 Tengiklemmuröð
  0: Sameiginleg jarðtenging bjöllurofa
  1 - 12: Tengi fyrir bjöllurofa
3 Festieyra

**Athugið**

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Bæði er hægt að festa viðbótareininguna með því að skrúfa hana fasta á festieyranu eða með því að nota límpúða.

## Límfesting

**Athugið**

Gæta verður þess að flöturinn sem límt er á sé laus við olíu og fitu.

1. Takið hlífðarfilmuna af límpúðanum.
2. Þrýstið viðbótareiningunni að festistaðnum í um 12 sekúndur.

## Tenging

1. Tengið viðbótareininguna við innbyggða hátalarann eða aðra viðbótareiningu með sex póla tengikaplinum fyrir hljóð.







2. Tengið bjöllurofana. Leiðslan má ekki vera lengri en 2 metrar.

**Tengið ekki saman tengiklemmur "0"**

Ekki má tengja tengiklemmu "0" á viðbótareiningunni við tengiklemmu "0" á innbyggða hátalaranum eða öðrum viðbótareiningum.

Þegar allur búnaðurinn (innbyggður hátalari, viðbótareining, innistöð, stýrieining o.s.frv.) hefur verið settur upp er hægt að taka dyrasímakerfið í notkun. Leiðbeiningar um það er að finna í kerfishandbókinni sem fylgir með stýrieiningunni.

**Athugið**

Þegar stór kerfi eru tekin í notkun skal gæta þess að mest er hægt að tengja 20 bjöllurofa í hverju vinnuskrefi. Ef um meira en 20 bjöllurofa er að ræða verður að byrja á því að tengja fyrstu 20 bjöllurofana við innistöðvarnar.
Að því loknu skal tengja næstu 20 bjöllurofa eða þá sem eftir eru.

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.
Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald

---

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími: +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax: +49 (0) 2195 / 602 - 339
Vefslóð: www.gira.com

GIRA